

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2366****2018/EES/14/28****frá 18. desember 2017****um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB að því er varðar beitingu viðmiðunarfjárhæða við
útboð og gerð samninga (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga ⁽¹⁾, einkum 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ráðið samþykkti með ákvörðun 2014/115/ESB ⁽²⁾ bókun um breytingu á samningnum um opinber innkaup (hér á eftir nefndur „samningurinn“) ⁽³⁾ sem gerður var innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Samningurinn er fjölliða gerningur og markmiðið með honum er að samningsaðilar opni markaði sína er varða opinber innkaup hver fyrir öðrum. Hann gildir gagnvart öllum innkaupasamningum sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar („viðmiðunarfjárhæðir“) sem settar eru fram í samningnum og tilgreindar sem sérstök dráttarréttindi.
- 2) Eitt af markmiðum tilskipunar 2014/23/ESB er að gera samningsstofnunum og samningsyfirvöldum, sem beita henni, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að ná þessu markmiði ætti að aðlaga viðmiðunarfjárhæðirnar, sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun að því er varðar opinbera samninga sem samningurinn nær einnig yfir, til að tryggja að þær samsvari þeim fjárhæðum í evrum sem, námundaðar að næsta þúsundi, jafngilda þeim viðmiðunarfjárhæðum sem settar eru fram í samningnum.
- 3) Samræmisins vegna er rétt að aðlaga einnig þær viðmiðunarfjárhæðir, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/23/ESB, sem ekki falla undir samninginn.
- 4) Því ætti að breyta tilskipun 2014/23/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2014/23/ESB komi fjárhæðin „5 548 000 evrur“ í stað „5 225 000 evrur“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 337, 19.12.2017, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2018 frá 9. febrúar 2018 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/115/ESB frá 2. desember 2013 um gerð bókunar um breytingu á samningnum um opinber innkaup (Stjtið. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 4.